

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 2/2011

2011/EES/19/02

frá 11. febrúar 2011

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2009 frá 4. desember 2009 ⁽¹⁾.
- 2) IV. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2010 frá 11. júní 2010 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2009 frá 18. september 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 244/2009 að því er varðar kröfur varðandi visthönnun með tilliti til útfjólublárrar geislunar óstefnuvirkra ljósapera til heimilisnota ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 10. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009) í IV. kafla II. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0859**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2009 frá 18. september 2009 (Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 3).“

2. gr.

Eftirfarandi bætist við í 33. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 244/2009) í IV. viðauka við samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32009 R 0859**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 859/2009 frá 18. september 2009 (Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 3).“

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 859/2009, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. febrúar 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 62, 11.3.2010, bls. 9, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 11.3.2010, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 22, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 21.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 247, 19.9.2009, bls. 3.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.